

Landssamband íslenzkra frímerkjasafnara

Lög eftir breytingar í maí 2005

Lög fyrir Landssamband íslenzkra frímerkjasafnara

Samþykkt á 17. landsþingi LÍF 7. júlí 1984 með áorðnum breytingum á landsþingum 31. maí 1987, 1. maí 1988, 22. júní 1991, 30. júlí 2000 og 8. maí 2005.

1. grein

Heiti og heimili

Heiti samtakanna er Landssamband Íslenzkra frímerkjasafnara, skammstafað LÍF. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Tilgangur og markmið

Hlutverk LÍF er að sameina undir eina stjórn félög sem vinna frímerkjafræðum og málefnum safnara á Íslandi og koma fram fyrir hönd aðildarfélaganna í heild á opinberum vettvangi, bæði innan lands og utan.

Hlutverk LÍF er enn fremur að vinna að því að vekja áhuga á gildi frímerkjasöfnunar og frímerkjafræða sem hollri tómsundaiðju og fræðslugildi hennar sem og að vinna að eflingu frímerkjasöfnunar á hvern þann hátt sem æskilegt þykir.

Framangreindum tilgangi skal LÍF einkum leitast við að ná með eftirgreindum hætti:

1. fyrirlestrahaldi, umræðum, útgáfustarfsemi og hvers konar kynningarstarfi, m.a. meðal barna og ungmenna,
2. með því að stofna til frímerkjasýninga og styðja aðildarfélög sín til að halda sýningar,
3. með því að vinna gegn hvers konar fjárplógsstarfsemi sem beinist gegn frímerkjasöfnunum,
4. með því að stuðla að og aðstoða við stofnun frímerkjafélaga og klúbba,
5. með því að reyna að hafa áhrif á að gefin séu út smekklegr frímerki í hóflegum upplögum.

3. grein

Aðildarréttur

Aðildarrétt að LÍF eiga þau félög sem hafa málefni safnara á stefnuskrá sinni og starfa í anda stefnuskrár Alþjóðasambands frímerkja-

safnara (Fédération Internationale de Philatelie, FIP) eins og hún er á hverjum tíma.

Aldrei getur félag orðið aðili að LÍF nema í því séu a.m.k. 7 félagar. Fækki félögum aðila að LÍF niður fyrir 7 eftir inngöngu í LÍF helst aðildarréttur áfram.

Ef LÍF stendur að stofnun félags um frímerkjasöfnun verður það þegar aðili að LÍF, enda sé skilyrðum 2. mgr. fullnægt. Aðildina skal þó staðfesta á næsta landsþingi með einföldum meirihluta.

4. grein

Inntökuskilyrði

Umsókn um inngöngu í LÍF skal vera skrifleg og berast stjórn LÍF sannanlega eigi síðar en 20 dögum áður en það landsþing LÍF er fjallar um umsóknina er haldið. Umsókninni skulu fylgja félagaskrá, skrá um embættismenn og eintak af lögum félagsins. Umsækjandi fær því aðeins inngöngu sem fullgildur aðili að $\frac{3}{4}$ greiddra atkvæða samþykki hana.

5. grein

Úrsögn eða brottvikning

Úrsögn úr Landssambandinu skal berast stjórn LÍF sannanlega eigi síðar en 30 dögum fyrir landsþing.

Landsþing LÍF getur eitt vikið aðildarfélagi úr sambandinu og því aðeins,

- a) að það hafi brotið lög LÍF í veigamiklum atriðum að dómi þingsins,
- b) að um sé að ræða alvarlegt brot gegn stefnumálum LÍF á opinberum vettvangi,
- c) að aðildarfélag hafi ekki staðið við skuldbindingar við LÍF.

Aðildarfélag fellur sjálfkrafa úr samtökunum séu meira en árgjöld tveggja ára fallin í eindaga. Ef félag sem þannig fellur úr LÍF skyldi síðar sækja aftur um inngöngu, fer umsóknin eftir 4. grein, þó með því skilyrði

að skuldir séu að fullu greiddar með hæstu innlánsvöxtum banka frá gjalddögum til greiðsludags.

6. grein

Árgjöld og reikningar

Árgjöld félaga til LÍF skulu ákveðin af landsþingi fyrir næsta almanaksár að tillögu stjórnar.

Árgjöld skulu vera ákveðið gjald af hverjum félagan aðildarfélags og miðast við þá félagatölu sem gildi við val fulltrúa á það landsþing er ákveður árgjaldið þótt fulltrúum hafi fjölgað eða fækkað á greiðsluárinu.

Gjalddagi árgjalda til LÍF er 1. febrúar ár hvert og eindagi 1. mars sama ár. Eftir eindaga skal reikna vexti samkvæmt 5. grein frá gjalddaga.

Reikningsár LÍF er almanaksárið.

Félag sem er í vanskilum við LÍF hefir ekki atkvæðisrétt á landsþingi.

7. grein

Aðild að öðrum samtökum

LÍF á aðild að Alþjóðasamtökum frímerkjasafnara, Fédération Internationale de Philatelie, FIP, og Evrópusamtökum frímerkjasambanda, Federation of European Philatelic Associations, FEPA og Norrænum samtökum frímerkjasafnara ásamt SNU, Samarbetsorganet för Nordisk Ungdomsfilateli Ákvörðun um aðild að öðrum samtökum skal taka á þingi LÍF með einföldum meirihluta atkvæða.

8. grein

Kjör fulltrúa á landsþing

Öll aðildarfélög LÍF eiga rétt á að senda fulltrúa og varafulltrúa á landsþing LÍF og skulu þeir kjörnir á aðalfundum félaganna ár hvert.

Hvert félag skal eiga einn fulltrúa á landsþingi fyrir hverja 50 félagsmenn eða hluta af þeirri tölu og einn varafulltrúa fyrir hverja tvo kosna fulltrúa. Þó skal ætíð kjörinn hið fæsta einn varafulltrúi fyrir hvert félag.

9. grein

Landsþing

Landsþing LÍF skal haldið í maí eða júní ár hvert. Þó er stjórn LÍF heimilt að breyta þingtíma ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi að mati hennar.

Stjórn LÍF ákveður hvar og hvenær landsþing skuli haldið hverju sinni.

Stjórn LÍF skal eigi síðar en 30 dögum fyrir landsþing tilkynna aðildarfélögum þingstað og þingtíma.

Aðildarfélög skulu tilkynna stjórn LÍF sannanlega eigi síðar en 10 dögum fyrir landsþing nöfn fulltrúa sinna og varafulltrúa og senda jafnframt kjörbréf þeirra.

Stjórn LÍF skal senda kjörnum fulltrúum og varafulltrúum dagskrá þingsins jafnskjótt og hún hefir fengið í hendur nöfn þeirra og tilkynna þeim jafnframt hvenær henni búrast þau.

Auk kjörinna fulltrúa aðildarfélaga LÍF sitja landsþing varafulltrúar þeirra. Þá situr fráfariandi stjórn LÍF og varamenn hennar þingið svo og formenn nefnda sem starfandi eru innan sambandsins hverju sinni. Þessir aðilar hafa allir málfrelsi og tillögurétt. Atkvæðisrétt á landsþingi hafa kjörnir fulltrúar og varamenn sem taka sæti þeirra í forföllum og fráfariandi stjórn. Aðrir hafa ekki atkvæðisrétt.

Stjórn LÍF er heimilt að bjóða til þings gestum, innlendum og erlendum. Þessir gestir hafa málfrelsi.

Dagskrá landsþings er á þessa leið:

1. Formaður setur þingið.
2. Kosning kjörbréfanefndar.
3. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
4. Formaður flytur skýrslu um starfsemi sambandsins á liðnu starfsári.
5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins og skýrir þá.
6. Umræður um skýrslu formanns og reikninga Landssambandsins.
7. Reikningar bornir upp til samþykktar.
8. Skýrslur aðildarfélaga og nefnda.
9. Lagabreytingar.
10. Ræddar tillögur og mál er fyrir liggja og atkvæðagreiðslur um þau.

11. Kosning stjórnar LÍF fyrir næsta starfsár: Stjórn skal skipuð 5 mönnum og einum til vara. Árlega skal kjósa formann til eins árs, tvo stjórnarmenn til tveggja ára og varamann til eins árs. Falli stjórnarmaður af einhverjum orsökum frá á fyrra starfsári sínu skal á næsta reglulegu landsþingi, auk reglulegra kosninga, kjörinn í hans stað aðalmaður til eins árs. Stjórnarmenn skipta með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi eftir landsþing.
12. Kosning tveggja endurskoðenda og eins varaendurskoðanda.
13. Kosning nefnda sem starfandi eru hverju sinni.
14. Önnur mál.
15. Þingslit.

Allir félagar innan aðildarfélaga LÍF eru kjörgengir til stjórnar eða annarra trúnaðarstarfa innan Landssambandsins.

Sérstök uppstillingarnefnd skal á hverju landsþingi gera tillögur um kosningu stjórnar og endurskoðenda.

10. grein

Tillögur

Tillögur aðildarfélaga er taka skal fyrir á landsþingi skulu berast stjórn LÍF eigi síðar en 10 dögum fyrir landsþing.

11. grein

Skuldbindingar

Formaður eða varaformaður skal skuldbinda LÍF með undirskrift sinni ásamt ritara.

12. grein

Ófyrirsjáanlegar ástæður

Mál sem engin ákvæði finnast um í lögum þessum en upp kunna að koma skal stjórn LÍF

leggja fyrir landsþing til úrskurðar og tekur það afstöðu til þeirra.

13. grein

Breytingartillögur

Breytingartillögur á lögum þessum skulu því aðeins teknar fyrir á landsþingi að þær hafi borist stjórn LÍF áður en dagskrá landsþings er send út. Breytingartillögur taka gildi ef þær hljóta samþykki $\frac{3}{4}$ hluta atkvæða á þingi eða óbreyttar á tveimur þingum í röð með einföldum meirihluta.

14. grein

Aukaþing

Ef sérstaklega stendur á og meirihluti stjórnar eða kjörinna þingfulltrúa samþykkir, skal boða til aukaðings með 30 daga fyrirvara með dagskrá. Þeir þingfulltrúar sem rétt áttu til setu á næsta landsþingi á undan eiga seturétt á þessu aukaðingi.

15. grein

Frímerkjasýningar

Ef þess er kostur skal halda sýningu á frímerkjum og skyldu efni í tengslum við landsþing LÍF. Rétt til þátttöku eiga allir aðilar Landssambandsins. Slík sýning skal að jafnaði haldin eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

16. grein

Gildistaka laganna

Lög þessi hljóta gildi við samþykki $\frac{3}{4}$ hluta landsþings og falla um leið úr gildi öll eldri lagaákvæði LÍF.